

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar

Ég tel það vera forréttindi og finnst ég einstaklega heppin að hafa fengið það hlutverk að vera formaður þessa fræðsluráðs.

Í fræðsluráði sitja auk mín þau Dagný Þóra Baldursdóttir varaformaður, Siguróli Magni Sigurðsson, Þórhallur Harðarson, Guðmundur Haukur Sigurðsson og Anna María Hjálmarsdóttir. Á fræðsluráðsfundum sitja einnig fjöldi áheyrnafulltrúa frá bæði leik- og grunnskólum úr hópi kennara, skólastjórnenda og fulltrúar foreldra. Einnig sitja sviðsstjóri, rekstrarstjóri og leikskólafulltrúi alla fundi. Mikil eining og samhugur er hjá ráðinu, oftast er hægt að tala sig saman að bestu lausninni hverju sinni, sama hvar við stöndum í stjórnámálum.

Miklar breytingar hafa orðið á þessu kjörtímabili, bæði innan nefndarinnar og stjórnkerfisins. Það er göfugt verkefni og áskorun að hafa fengið að taka þátt í þeim verkefnum sem á borð okkar hafa komið. Fræðslumál eru jú stór og veigamikill málaflokkur sem flest allir hafa skoðun á og mismunandi sýn og hugmyndir um hvernig best sé að gera hlutina. En þegar öllu er á botninn hvolft þá viljum við öll það sama, það sem börnunum er fyrir bestu, enda eru einkunnarorð fræðslusviðs: “Í hverju barni býr fjársjóður”.

Við viljum öll sjá börn okkar eflast og þroskast á sem besta mögulega máta. Nám er persónubundið fyrirbæri og námið sjálft er svo miklu meira en bara persónubundið nám hvers nemanda. Skólarnir eru samfélög þar sem börn eru í fyrirrúmi og allt starf innan þeirra byggir á því að hver einasti nemandi skiptir máli og að honum þurfi að mæta á hans eigin forsendum eins og kostur er.

Óhætt er að segja að menntun er fjárfesting hvers samfélags. Við þurfum að hlúa vel að hverju og einu barni, því hvert barn hér á Íslandi í því litla samfélagi sem við búum í skiptir gríðarlega miklu máli í stóra samhenginu.

Í framtíðinni viljum við að verknám njóti sömu virðingar og hefðbundið bóknám. Við viljum skapa börnum okkar næg tækifæri til að geta spreytt sig á öðrum sviðum en hinum hefðbundnu kjarnagreinum. Fjölbreytileiki í námi er nauðsynlegur og því fjölbreyttara sem

námið er því meiri líkur eru á að flest börn finni hvar hæfileikar þeirra liggja og þannig verður skólagangan ánægjulegri. Í því samhengi þá hefur oft verið nefndur sá kostur að skólar geti haft sína sérstöðu og að hver skóli sé með mismunandi áherslur t.d einn skóli með áherslu á hreyfingu, annar á listir o.s.frv.

Óhætt er að segja að Akureyrarbær getur státað sig af góðum rekstri skólanna í sveitarfélaginu. Það er svo ótrúlega mörgu góðu fólki þar að þakka bæði inn á sviðinu og inn í skólunum hversu vel hefur gengið að viðhalda svona góðu utanum haldi og almennri útsjónarsemi í rekstri.

---

#### *Helstu verkefni fræðsluráðs eru:*

---

- Stefnumótun á sviði fræðslumála
- Áætlanagerð/fjárhagsáætlun og langtímaáætlun
- Eftirlit með rekstri og þjónustu skóla
- Skólaþjónusta við leik- og grunnskólabörn
- Þjónusta og eftirlit með dagforeldrum
- Samstarf við Háskólann

---

#### *Megin verkefni síðasta árs og yfirstandandi árs:*

---

- Vinna að stefnumótun í kjölfar stjórnsýslubreytinga
- Bæta aðstöðu í húsnæði, búnaði og umgjörð s.s tækjakost
- Undirbúa leikskólabýggingu við Glerárskóla
- Vinna við endur- og símenntun s.s innleiðing LEAN
- Samstarf tónlistarskólans og leik- og grunnskóla um verkefnið Söngvaflóð í skólum
- Þróa nýja námsbraut við tónlistarskólann í samstarfi við framhaldsskóla á svæðinu
- Vinna að langtímaáætlun fyrir árin 2018-2027
- Vinna að dvöl 5 ára barna í leikskóli ljúki við sumarlokun og foreldrar sem það kjósa geti fengið áframhaldandi þjónustu innan grunnskólans fram að hefðbundinni skólabyrjun – Skólaleikur
- Styðja við hugmyndafræði lærdómssamfélags þar sem stjórnendur læra hver af öðrum og miðla reynslu, ekki síst í þeirri viðleitni að vinna að framförum og farsæld nemenda.
- 5 ára leikskóladeild við Glerárskóla til að flýta fyrir innritun yngstu barnanna í leikskólana.

- Þátttaka í innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í tengslum við verkefnið Barnvænt sveitarfélag
- Undirbúningur og vinna við gjaldfrjáls námsgögn í grunnskólum
- Vinna að nýrri og endurskoðaðri skólastefnu
- Fylgja eftir almennu viðhaldi skólahúsnæðis og skólalóða
- Bæta aðstöðu frístundar og endurskoða starfsemina út frá nýjum viðmiðum mennta- og menningamálaráðuneytis
- Skima fyrir kvíða og þunglyndi hjá unglingum í samstarfi við HSN
- Vinna að endur- og símenntun
- Auka tæknivæðingu í skólum
- Vinna að framhaldi skólaleiks – skoða yfirfærslu verkefnisins til grunnskólanna

---

### *Stjórnsýslubreytingar*

---

Á síðasta ári voru gerðar breytingar á stjórnsýslu fræðsluviðs. Skólaþjónustan sem heyrði til fjölskyldusviðs áður flutti á skrifstofu fræðsluviðs og heyrir nú undir sviðsstjóra. Auk þess var stofnað til tveggja staða forstöðumanna á skrifstofunni. Megin tilgangur breytinganna var að samþætta þjónustu við skólana eins og frekast er kostur, bæði hvað varðar ráðgjöf og sérfræðiþjónustu, sem og alla aðra þjónustu sem veitt er til leik-, grunn- og tónlistarskóla. Ofantaldar breytingar eru ekki að fullu komnar til framkvæmda en unnið er að því að tryggja að þær skili því sem þeim var ætlað.

Jafnframt var ákveðið að innleidd skyldi straumlínustjórnun/Lean-management á skrifstofunni. Fyrsta áfanga þeirrar innleiðingar verður lokið nú á vordögum.

---

### *Skólastefnan.*

---

Á síðasta ári byrjaði vinnan við nýja skólastefnu og er sú vinna enn í gangi. Gerð var stefnubreyting við vinnu skólastefnunnar og í samstarfi við MSHA mun verða sett upp verkáætlun og þau beðin um að vinna afmarkaða þætti stefnunnar. Búið er að ræða við starfsfólk, stjórnendur, foreldra og nemendur flestra skóla um hvað megi betur fara og hvað þurfi að þróa. Byrjað verður á að greina stöðu skólastarfs hjá okkur, meta núgildandi skólastefnu, ákveða helstu þætti stefnunnar s.s lærdómssamfélagið, forystu skólastjóra,

frístund, fagmenntun kennara, skólaþjónustuna, heilsueflandi skólar, upplýsingatækni, foreldrasamstarf, heimanám, námsmat o.fl. Stefnan verður þó áfram unnin með áherslu á barnið og þarfir þess.

---

### *Skólaþróun og lærdómssamfélag*

---

Skólaþróun er mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi. Starfsmenn skólanna eru duglegir við að sækja um þá styrki sem í boði eru til þróunar á fjölbreyttum sviðum skólastarfsins. Á síðasta ári fengu margir skólar Akureyrarbæjar styrki til að vinna að fjölbreyttum þróunarverkefnum í gegnum Sprotasjóð, Skema, Nordplus, Erasmus+ o.fl. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenna skólanna eiga þakkir skildar fyrir drifkraft og frumkvæði í þágu skólanna til að sækja aukið fjármagn til skólastarfsins.

Allir skólastjórnendur hafa tekið þátt í lærdómssamfélagsvinnu þar sem markmiðið er að aðrir stjórnendur læri hver af öðrum, miðli reynslu og deili þekkingu. Lærdómssamfélagið er samstarfsvettvangur leik- og grunnskólastjórnenda og Háskólans á Akureyri og hefur það starf varað síðustu misseri. Meginvinna lærdómssamfélagsins árin 2016 og 2017 skilaði nýrri læsisstefnu “Læsi er lykillinn” sem kynnt var síðasta haust og er nú opin öllum á vefnum <http://lykillinn.akmennt.is/>

Í fyrravetur var gerð tilraun sem fólst í að veita stjórnendum í leik- og grunnskólum markþjálfun í litlum hópum en með markþjálfun er verið að styðja einstaklinginn til að nýta betur eigin styrkleika og gera sér betur grein fyrir þeim væntingum sem hann hefur til sín og annarra. Markþjálfun er uppbyggjandi aðferð sem mikill áhugi er á að nýta betur í skólastarfinu.

---

### *Nútímavæðing*

---

Í síðustu fjárhagsáætlun var sett inn fjármagn til nútímavæðingar í leik- og grunnskólum og er ætlað að setja fjármagn til þess í þrjú ár. Þar sem skólastefnan er ekki tilbúin þá var óskað

eftir að gerð yrði þarfagreining í leik- og grunnskólum. Eftir að hún var gerð var tekin ákvörðun um að það yrði farið í að skipta fjármunum þessa árs til nútímavæðingar til leik- og grunnskólanna. Féð væri ætlað til endurnýjunar eða kaupa á tölvubúnaði, endurnýjunar eða kaupa á kennslubúnaði sem tengist upplýsingatækni, starfsþróun og símenntun kennara og skólastjórnenda, kaupa á hugbúnaði, þýðingar á hugbúnaði, endurbótum á starfsumhverfi skólastjóra eða hverju öðru sem fallið getur undir endurbætur og framþróun á upplýsingatækni skólanna. Taka verður svo afstöðu til þess við vinnu skólastefnunnar hvernig fjármagnið árin 2019 og 2020 verður nýtt.

---

### *Gjaldfrjáls námsgögn*

---

Síðasta vor og sumar var farið í að leita leiða til að taka upp gjaldfrjáls námsgögn fyrir grunnskólanemendur á Akureyri. Allt gekk upp og var samþykkt að Akureyrarbær myndi veita skólabörnum í grunnskólum bæjarins gjaldfrjáls námsgögn frá og með haustinu og var farið í örútbóð á námsgögnum. Í því fólst að nemendum verði útveguð skólagögn þ.e stílabækur, reikningsbækur, blýanta og tilheyrandi. Foreldrar myndu áfram þurfa að útvega skólatösku, íþróttaföt og sundföt. Þrátt fyrir þetta voru foreldrar þó hvattir til að nýta ónýttar bækur og ritföng sem væru til inn á heimilum. Ákveðið var að námsgögnin yrðu geymd í skólunum.

Akureyrarbær tók þá ákvörðun um að verða fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verða þannig enn barnvænna en nú er raunin. Ánægja hefur verið með hvernig til tókst og ákveðið að halda þessu verkefni áfram og búið er að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu svo hægt sé að fara í örútbóð í vikunni.

---

### *Frístund*

---

Frístundastarf er í boði við alla grunnskóla bæjarins nema eyjaskólana. Um helmingur barna í 1.-4.bekk er skráður í frístund þó aðallega nemendur 1. og 2.bekkjara. Að hluta til er

frístundastarf samþætt við annað íþrótt- og tómstundastarf en í ljósi ný útgefna viðmiða um starf frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn, sem gefin voru út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu í febrúar 2018, þá liggur fyrir að taka verður alla þá starfsemi til endurskoðuna. Vilji okkar er að starfið verði metnaðarfullt, fagmenntun starfsfólks aukist, húsnæði og aðstaða verði til fyrirmyndar og tryggð verði samþætting frístundastarfs við þau tómstundaúrræði sem eru í næsta nágrenni hvers skóla. Það hlýtur að vera kappsmál allra að sem flest börn vilji og geti nýtt sér frístundastarf en til að svo megi verða þarf að endurskoða starfsemina eins og fyrr segir.

---

### *Aukin kennslustundaúthlutun og sérkennsluþörf í leik- og grunnskólum.*

---

Erfiðlega hefur gengið að áætla sérkennsluþörf við gerð fjárhagsáætlunar, sérstaklega fyrir seinni hluta ársins. Helsta skýringin liggur í aðflutningi barna með mikla sérkennsluþörf sem ekki verður séð fyrir. Þá er fræðsluráð að óska eftir verulegri fjölgun tíma til að þjóna betur ört fjölgandi hóp nemenda sem eru með íslensku sem annað mál. Á Akureyri eru nú um 8% nemenda af erlendu bergi brotnir. Til að mynda voru í október á síðasta ári tvítýngd börn í leikskólunum alls 87 frá 30 þjóðlöndum.

---

### *Staðan í leikskólum*

---

Í leikskólum voru haustið 2017 alls 1.020 börn og eins og staðan er í dag eru innrituð 980 börn í leikskólanna.

Í mars á þessu ári var öllum börnum sem fædd eru 2013-2016 sem voru á biðlistanum boðið leikskólaláss og núna í apríl hafa börn sem fædd eru í janúar, febrúar og mars 2017 fengið boð um leikskólaláss. Nú er búið að fylla allar yngstu deildirnar í leikskólunum en ef til kemur verður hægt að bjóða nokkrum eldri börnum leikskóladvöl.

Mikil umræða hefur verið að undanfögnu um að fækka börnum á leikskólunum til dæmis með vísun í skýrslu um álag í leikskólum síðan 2014 og hljóðvistarskýrslu. Þar er m.a. talað

um að forföll hafi aukist í leikskólum á Akureyri, áreiti vegna of mikils hávaða skapar álag, of mörg börn séu á hvern starfsmann o.s.frv. Nauðsynlegt er að við byrjum að fara vinna markvisst að því að bæta starfsumhverfi á leikskólunum. Eins og staðan er í dag ætti að vera hægt að rýmka um 20-30 börn inn á leikskólunum. En þess má þó geta að farið hefur verið í að bæta markvisst hljóðvistina inn í öllum leikskólunum t.d með hljóðvistardúkum og fræðslu til allra starfsmanna um raddheilsu. Einnig var á nokkrum leikskólum settir upp hljóðvistarplattar. Afleysingaprósenta leikskólanna var aukin úr 7,33 upp í 8% og ráðningarleyfi vegna forfalla aukið ásamt mörgum öðrum leiðum sem voru til úrbóta. Hér mætti einnig nefna hvernig þróun á vistunartíma barna inn á leikskólum hefur aukist á undanförunum árum. Árið 1999 þá voru 543 börn eða 67% þeirra sem voru í 4-6,5 tíma dvöl á leikskólum og 276 börn eða 33% í 7-8,5 tíma dvöl. En aftur á móti árið 2017 voru 76 börn í 4-6,5 tíma dvöl eða um 7% og börnin orðin 950 eða 93% sem voru í 7-8,5 tíma dvöl. Með þessu er meðaldvalartími barna orðinn í dag 7,99 klukkustundir á dag. Það er augljóst að vinnudagur barna er því orðin ansi langur og samverutími fjölskyldunnar minni sem er umhugsunarefni fyrir okkur.

---

### *Dagvistun*

---

Í dag eru starfandi 33 dagforeldrar og eru fjöldi barna hjá þeim 149 börn. Eins og staðan er í dag gerum við ráð fyrir að alls verði starfandi hér 26-29 dagforeldrar í haust og hjá þeim dvelji um 115-130 börn. Fjöldi barna sem fædd eru 2017 með lögheimili á Akureyri eru 211 talsins. Af þeim 211 börnum munu ríflega 50 börn fá boð um leikskólapláss. Eftir sitja þá um 158 börn.....

Í langtímaáætlun fræðsluráðs er fjallað um áhugann fyrir þeirri ákvörðun um að jafna greiðslur til foreldra sem ekki fá leikskólapláss en nýta sér þjónustu dagforeldra um mismun á leikskólagjaldi og gjaldi dagforeldra.

---

### *5 ára deildir*

---

Á síðasta ári var farið í þá vinnu að setja á laggirnar 5 ára leikskóladeild innan Glerárskóla. Tröllaborgir tóku að sér utanumhaldið og er þessi 5 ára deild innan hans. Þessi 5 ára deild fékk nafnið Lautin og var farið í að gera útisvæði fyrir deildina við Árholt.

Starfsemi Lautarinnar hefur gengið í alla staði mjög vel og er mikil ánægja bæði meðal barna, foreldra barnanna og starfsmanna. Nú eru 20 börn í Lautinni og nú er búið að innrita 16 börn þar fyrir næsta vetur.

Mikilvægt er að halda áfram að halda möguleikanum opnum um að skoða frekari möguleika á opnun 5 ára leikskóladeilda í fleiri grunnskólum.

---

### *Leikskólabygging við Glerárskóla*

---

Ákveðið var að byggja upp leikskóla á lóð Glerárskóla og gert ráð fyrir að þar muni verða 6 deilda leikskóli sem muni verða tekin í notkun haustið 2020. Á Glerárskólareitnum er gert ráð fyrir heildrænni þjónustu leik- og grunnskóla sem myndu starfa í nánu samstarfri og samnýta húsakost þar sem við á s.s. stjórnunarálm, skólamötuneyti, kaffistofu starfsmanna, íþróttaaðstöðu, sundlaug og hátíðarsal sem þjónustar einnig íbúa í Glerárhverfi. Markmiðið er að barnið sé haft í forgrunni við alla hönnun og skipulag þar sem rými, umgjörð, búnaður, aðstaða og útlit þarf að taka mið af þörfum barna og möguleikum fyrir skólastarfi til að þróast í þágu barna og unglunga. Sérstaklega verður þó að horfa til þess húsnæðis sem fyrir er á skólalóðinni með möguleika á samnýtingu beggja skólastiga. Samhliða er gert ráð fyrir að starfsemi Pálmholts færist yfir í þessa nýju byggingu. Nauðsynlegt er að halda opnum möguleika á að nýta neðra húsið þar til byggingaráformum við Lundarskóla er lokið. Verkefnahópur fundar reglulega og hefur þarfagreining verið unnin og næst á dagskrá er hönnunarvinnan eða bjóða út hönnunina.



---

### Skólaleikur

---

Síðasta sumar var farið að stað með svokallaðan Skólaleik, þar sem elstu börnunum frá leikskólunum var boðið að taka þátt, sem þýddi að þau myndu fara inn í sinn grunnskóla eftir sumarlokun þangað til að grunnskólinn myndi hefjast. Spennandi samstarfsverkefni á milli skólastiga og jákvætt skref í aðlögun yngstu barna inn í fyrsta bekk.

Skólaleikurinn er starfræktur fyrstu tvær vikurnar í ágúst og er samstarfs verkefni leik- og grunnskólanna og er fyrir þau börn sem eiga að fara í grunnskólann að hausti. Niðurstöður úr könnun sem send var til foreldra barna sem tóku þátt í skólaleiknum síðastliðið haust voru mjög góðar, yfir 90% foreldra voru ánægðir með líðan barnsins síns í skólaleiknum. Allir leik- og grunnskólastjórar skiluðu inn greinagerð um hvernig þeim fannst hafa tekist til með skólaleikinn og niðurstaðan var sú að þegar á heildina er litið gekk skólaleikurinn vel. Leikskólarnir höfðu umsjón með skólaleiknum síðastliðið haust, en nú taka grunnskólarnir við umsjóninni. Haustið 2017 voru 74% barna af árgangi 2011 skráð í skólaleik en nú hafa 85% barna af árgangi 2012 verið skráð í skólaleik.

---

### Langtímaáætlun/framtíðarsýn

---

Nú í vetur hefur fræðsluráð unnið að 10 ára áætlun. Nauðsynlegt er að skapa sýn og horfa til framtíðar þegar kemur að þessum málaflokki. Allt skólastarf er í þágu barna og mikilvægt er að hlusta sé á raddir barna og þau séu höfð með í ráðum þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Nemendur þurfa að fá þjálfun í ábyrgð og skyldum, frumkvæði, samvinnu og nýsköpun í gegnum fjölbreytt nám sitt. Samtal við nemendur getur aukið skilning þeirra á eðli og tilgangi skólastarfs og virðingu þeirra fyrir því að fá að sækja skóla.

Það þarf að miða að því að allar skólabyggingar og skólalóðir séu í góðu ástandi og að tryggt fjármagn sé til eðlilegs viðhalds út frá greiningarþörf.

Framtíðarsýn um húsnæðismál í leik- og grunnskólum ætti að miða að því að þjónustan sé sem næst hver annarri í hverju hverfi, þannig að barnafjölskyldur geti farið á sömu skólalóð með leik- og grunnskólabörn þar sem því verður við komið. Að vera með bæði skólastig á

sama reit skapar hagræðingu í nýtingu fermetra, m.a. í skólamötuneytum og fleiri svæðum innan og utanhúss.

Nú er verið að fara byggja leikskólaeiningu við Glerárskóla sem á að vera tilbúin haustið 2020. Vegna mikillar uppbyggingar í Nausta- og Hagahverfi er nauðsynlegt að hefja strax undirbúning að nýjum leikskóla í Hagahverfi eða viðbyggingu við Naustatjörn sem tengir saman Naustatjörn og Naustaskóla og rýmið í Naustaskóla sem nú er nýtt fyrir leikskólann fáist í fulla nýtingu fyrir grunnskólann. Samhliða því þyrfti að stofna vinnuhóp um framtíðarsýn á skólabyggingum við Lundarskóla með það einnig fyrir hendi að byggja nýjan leikskóla sem tengdur yrði við skólann, með svipuðu fyrirkomulagi og verið er að vinna á Glerárskólareit og áætluð verklok yrðu þá 2022-24. Áfram þarf svo að halda með uppbyggingu í þorpinu og byggja nýjan leikskóla við Síðuskóla sem tæki til starfa 2026-28. Einnig þarf að skoða möguleikann á því að ungbarnadeildir verði á þeim leikskólum sem geta boðið upp á það og gert sé ráð fyrir þeim í nýjum leikskólabyggingum.

---

### *Tónlistarskólinn*

---

Tónlistarskólinn á Akureyri stendur í kröftugri þróunarvinnu og frumkvöðlastarfi um þessar mundir. Á síðasta ári hrinti skólinn af stað samstarfsverkefni leik- og grunnskóla sem ber nafnið Söngvaflóð sem um 2-3.000 börn nutu á árinu, bæði innan sinna skóla sem og í stóra salnum í Hofi. Verkefnið hefur mælst afar vel fyrir innan skólanna og er ætlunin að þróa það enn frekar á næsta ári með það að markmiði að auka fjölbreytileika, gleði og listsköpun í skólakerfinu og ýta undir að sem flestir fái notið þess mannauðs og þeirrar miklu sérþekkingar sem býr í starfsfólki og nemendum tónlistarskólans. Skólinn formgerði einnig samstarf við Þjóðlagahátíðina Vöku sem miðar að því að kynna þjóðlagatónlist fyrir börnum og ungmennum á svæðinu.

Í kjölfar styttingar framhaldsskólans í þrjú ár hófust stjórnendur og kennarar tónlistarskólans handa við að skrifa þrjár nýjar námsbrautir fyrir framhaldsskólánemendur í samstarfi við

menntaskólana á svæðinu. Er þetta gert fyrst og fremst til að gefa nemendum sem hyggjast leggja tónlist fyrir sig sem aðalstarfi, val á því að stunda hágæða tónlistarnám utan höfuðborgarsvæðisins en ekki síður til að sporna við fyrirsjáanlegri fjórðungs fækkun framhaldsskólanemenda í sveitarfélaginu í haust. Skólinn lauk þeirri vinnu nú á vormánuðum þegar ný tónlistarsérhæfing Menntaskólans á Akureyri fékk samþykkt ráðuneytis og hefst starfsemin formlega næstkomandi haust. Tónlistarsérhæfingin býður upp á þrjár námsleiðir, klassíska tónlist, rytmíska tónlist og skapandi tónlist og hafa nemendur möguleika á að móta tónlistarnámið að sínu áhugasviði. Með námsleiðinni Skapandi tónlist er sérstaklega höfðað til nemenda sem hafa skýr framtíðarmarkmið, hafa verið virkir í listsköpun sinni eða þátttakendur í atvinnulífinu en ekki fundið þjónustu við hæfi innan þröngs ramma aðalnámssráar tónlistarskólanna.

Verkefnið er ekki síst mikilvægt eftir stofnun menntaskóla í tónlist í Reykjavík sem hefur ákveðið aðdráttarafl fyrir nemendur í krafti stuðnings mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Sérstaða hinnar nýju námsbrautar, aukið námsframboð á mið- og framhaldsstigi, aðstaðan í Hofi, sem og samstarfið við heimavist Menntaskólans á Akureyri verður þó að teljast skapa aðlaðandi valkost fyrir nemendur af landinu öllu sem ekki geta gengið að húsnæði vísu á höfuðborgarsvæðinu. Er það stefna tónlistarskólans og menntaskólanna að auka verulega fjölda framhaldsskólanemenda á svæðinu næstu árin, ekki einungis til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu fjölbreytts menningarlífs á Akureyri, heldur ekki síður til að leggja lóð á vogarskálarnar þegar kemur að fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.

Tónlistarskólinn hefur látið gera fyrir sig þrjár sjónvarpsauglýsingar sem miðaðar eru að nemendum á aldrinum 12-15 ára og verða birtar á Youtube og samfélagsmiðlum. Auk þess birti skólinn nýja vefsíðu á [www.tonak.is](http://www.tonak.is) nú á vorönn sem inniheldur allar upplýsingar um áfangalýsingar, námsáætlanir og skipulag auk markaðsvæns myndefnis sem tengist starfseminni.

Nú hef ég lokið yfirferð minni um fræðslumálin og reifað það helsta sem efst er á baugi í þeim málum og hlakka til að hlusta á góðar umræður hér á eftir.

Takk fyrir